



Tæknileg ráðgjafþjónusta í byggingarverkfræði, landmælingum, áætlanagerð og verkefirliti.

REYKJAVÍK,

19.12.1988

Hr. Framkvæmdastjóri Almanna-  
Guðjón Petersen

Efni: Varðar snjóflóðahættumat fyrir Súðavík.

Samkvæmt samtali við þig þann 15.12.1988 þá legg ég hér fram kort sem sýnir hættumarkalínu sem ég legg til að verði notuð fyrir Súðavík.

Hluta línunnar var ofanflóðanefnd búin að samþykkja sem hættumarkalínu en það er sá hluti hennar sem nær inn að Grímsbrekku. Þessi lína er þannig fundin að valin er neðsta línan í tillögunum þremur sem lagðar voru fram á fundi þann 9.12.1988. Innan Grímsbrekku bar tillögunum ekki alveg saman og var því ákveðið að reyna finna eina sameiginlega línu þar.

Ég legg til að línan verði dregin rétt norðan innri hafnar-  
garðsins í stefnu á hús merkt nr. 20 ofar í fjallinu. Einnig legg ég til að hættumörkin milli Eyrardalsár og Traðargils verði eins og meðfylgjandi kort sýnir þ.e. mjög nálægt þekktu snjóflóði frá 1960.

Ég vil einnig benda á að vegna mistaka hjá mér voru hættumörk skv. reglugerðinni ekki sett rétt. Hættumörk skv. reglugerðinni eru nánast sama lína og sýnd er fyrir PCM-líkanið nema nyrst við sjóinn þar lendir hún u.þ.b. 15 m ofar en PCM-línan.

Virðingarfyllst, f.h. HNITs hf

Arni Jónsson

